



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn - 16. maí 2018

Efni: Ölduslóð 46, umsögn vegna fyrirspurnar, 1804387

Þann 18.4.2018 leggja Tark arkitektar inn fyrirspurn fyrir hönd eigenda efri hæðar hússins við Ölduslóð 46.

Afgreiðsla fundarins var: *Tekið er neikvætt í erindið eins og það liggur fyrir nú. Umrætt hús er nú þegar með þeim hætti í götmyndinni. Aukning þakhæðar myndi því ekki falla að núverandi götmynd. Stækkun kvists á bakhlið er töluverð og gluggasetning hans í litlu samræmi við aðra hluta hússins. Mælst er til að hann verði endurskoðaður m.t.t. hlutfalls og gerðar.*

Þann 10.5. hafa Tark arkitektar samband vegna erindisins er varðar Ölduslóð 46. Óska þeir eftir að málið verði endurskoðað þar sem fyrirspurnartillagan er innan ákvæða deiliskipulagsins. *Í ljósi þess er tekið jákvætt í fyrirspurnina.*

Húsið við Ölduslóð 46 er fjöleignarhús og því þarf að liggja fyrir skriflegt samþykki allra eigenda hússins fyrir breytingunni. Samþykkið þarf að berast byggingarfulltrúa. Einnig er bent er á að gera þarf grein fyrir lokun við aðaldyr hússins.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt